

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

## 198. FUNDUR.

198. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 2. maí árið 2012 í fundarsal Ráðhússins kl. 10:00. Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð.

Oddviti óskaði eftir að taka á dagskrá sem 3. lið skipulagsmál í landi Melstaðar. Samþykkt samhljóða.

Gengið var til dagskrár.

- Ársreikningur sveitarsjóðs og fyrirtækja Húnaþings vestra árið 2011. Fyrri umræða.**  
Mættur er á fundinn Kristján Jónasson löggiltur endurskoðandi. Kristján lagði fram og skýrði ársreikninginn ásamt skýrslu um endurskoðun á ársreikningi 2011. Að því loknu svaraði hann fyrirspurnum sveitarstjórnarmanna. Að loknum umræðum lagði oddviti fram eftirfarandi tillögu: Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa ársreikningi sveitarsjóðs Húnaþings vestra og fyrirtækja fyrir árið 2011 til síðari umræðu í sveitarstjórn. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.
- Ársreikningur Bæjarhrepps og fyrirtækja árið 2011. Fyrri umræða.**  
Kristján Jónasson löggiltur endurskoðandi lagði fram og skýrði ársreikninginn. Að því loknu svaraði hann fyrirspurnum sveitarstjórnarmanna. Að loknum umræðum lagði oddviti fram eftirfarandi tillögu: Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa ársreikningi sveitarsjóðs Bæjarhrepps og fyrirtækja fyrir árið 2011 til síðari umræðu í sveitarstjórn. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.
- Skipulagsmál í landi Melstaðar í Miðfirði, breytt landnotkun.**  
Lögð fram eftirfarandi tillaga vegna breytinga á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 ásamt skipulagsauglýsingu vegna nýrrar þjónustulóðar í landi Melstaðar í Miðfirði. Lögð fram eftirfarandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að sú 12.000 m<sup>2</sup> lóð sem fyrirhugað er að stofna út úr landi Melstaðar, landnr. 144137, undir veitingasölu, verslun, þjónustu og eldsneytisafgreiðslu, samkvæmt uppdráttum með fyrirhuguðum skipulagsbreytingum, verði leyst úr landbúnaðarnotum.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl: 11:40

---

Leó Örn Þorleifsson.

---

Stefán Böðvarsson.

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Ragnar Smári Helgason.

---

Þorbjörg I. Ásbjarnardóttir.

---

Elín R. Líndal

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

---

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari